

## **Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir!**

Liðið skólaár hefur verið viðburðaríkt í Menntaskólanum að Laugarvatni. Hér á eftir verður tæpt á því helsta - en ég hvet þá sem vilja vita meira til að nýta sér heimsíðu skólans og hina ýmsu samfélagsmiðla.

**Skólinn var settur 22. ágúst og reglulegum námsmatstíma lauk þann 20. maí.**

**Við upphaf haustannar voru skráðir 140 nemendur í skólanum, 90 stúlkur og 50 piltar. 41 nemandi hóf nám í fyrsta bekk, 48 í öðrum bekk og 51 í þriðja bekk. Vegna nýrrar skipan náms var þetta fyrsti veturinn þar sem enginn fjórði bekkur var í skólanum.**

**Á þessu vori gengust 138 nemendur undir námsmat. Í dag er brautskráður 51 stúdent. 25 af félags- og hugvísindabraut, 25 af náttúruvísindabraut og einn af báðum brautum.**

Nemendur skólans snertu á ýmsu öðru en námsbókum, eins og vera ber.

Árlegur kynningardagur ML, þar sem grunnskólanemar af Suðurlandi heimsækja okkur, var haldinn í byrjun nóvember. Deginum lauk með söngkeppninni Blítt og létt þar sem þær Ljósbrá Loftsdóttir og Laufey Helga Ragnheiðardóttir báru sigur úr býtum.

Farið var í fjölmargar vettvangs- og skoðunarferðir. Má þar nefna Njáluferð, forvarnarferð, jarðfræðiferð og matar- og menningarferð um uppsveitirnar. Nemendur í umhverfis- og vistfræði kynntu sér sorp- og endurvinnslumál á höfuðborgarsvæðinu. Þriðju bekkingar í íslenskuáfanganum Yndislestri og skapandi skrifum, héldu í lystitúr þar sem Gljúfrasteinn, bókabúðir og Bíó Paradís voru heimsótt.

Fyrir rúmu ári síðan heimsóttu okkur hópur framhaldsskólanema og kennarar þeirra frá Perpignan („Perpinjan“) í suður Frakklandi. Um miðjan október var komið að ML að endurgjalda heimsóknina en þá fóru 19 nemendur úr 3. bekk náttúruvísindabrautar, ásamt Heiðu náttúrufræðikennara og Grímu frönskukennara til Perpignan. Þessar heimsóknir voru hluti af Erasmus+ verkefni milli ML og skóla í fyrrnefndri borg. Í verkefninu var lögð áhersla á bæði jarðfræði og líffræði.

Í apríl stóð til að fara til Parísar og Berlínar með þýsku- og frönskunema í valáfanga í þriðja bekk, en því miður runnu þau áform út í sandinn vegna gjaldþrots Wowair.

Ekkert getur fullkomlega komið í staðinn slíkar ferðir. Þó var reynt að gefa nemendum innsýn í þýska og franska matarmenningu með matreiðslunámskeiði hér á Laugarvatni undir handleiðslu Frakka og Þjóðverja, sem fengnir voru til verksins.

Nemendur tóku þátt í ýmsum keppnum á skólaárinu. Tveir nemendur komust í úrslit í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema. Lið ML komst í aðra umferð í Gettu betur og þýskunemar lentu í öðru sæti í stuttmyndasamkeppni Félags þýzkukennara.

Stjórnarskipti í Nemendafélaginu Mími fóru fram í febrúar og er nýr stallari Þorfinnur Freyr Þórarinsson frá Spóastöðum í Bláskógabyggð.

Nemendur gerðu sér dagamun um miðjan mars eins og venja er. Þrautakeppnin Dollinn var á sínum stað og árshátíðin var að þessu sinni haldin með glæsibrag í matsal skólans þann 15. mars.

Í mars var frumsýndur í Aratungu söngleikurinn Með allt á hreinu. Leikritið var jafnframt sýnt víðsvegar um Suðurland og í Mosfellsbæ við góðan orðstýr. Þau Högni Þorsteinsson og Esther Helga Klemenzardóttir endurskrifuðu handritið og leikstýrðu verkinu. Matthías Tryggvi Haraldsson, annar söngvari Hatara, ætlaði að vera þeim innan handar, en þegar til kom var hans aðkoma aðeins sú að hjálpa til að skipa í hlutverk – enda lá fyrir hjá honum að verða heimsfrægur í Evróvision.

Í vetur voru um 82 nemendur, eða um 60% nemenda, í kór ML. Ánægjulegt er að geta þess að í janúar hlaut kórinn og stjórnandi hans, Eyrún Jónasdóttir, Menntaverðlaun Suðurlands. Þau eru vel að þessu komin og erum við ákaflega stolt.

Annars var margt um að vera hjá kórnum, meðal annars æfingabúðir í Hlíðardalsskóla í Ölfusi, tvennir jólatónleikar í Skálholti og í mars var aftur sungið í Skálholti, þá með kórum Menntaskólans við Hamrahlíð og Kvennaskólans í Reykjavík. Á vordögum hélt ML lokatónleika í Skálholti og Guðríðarkirkju í Reykjavík. Rúmlega helmingur af ágóða vortónleikanna, eða 500 þúsund krónur, rann til Krabbameinsfélagsins.

Eins og fram kom í máli skólameistara má ML kalla sig „Fyrirmyndarstofunun“ næsta árið. Við erum að sjálfsgöðu ánægð með að hafa þá rós í hnappagatinu.

Uppi á Langamel, sem er við gamla Gjábakkavegin, stendur yfir vistheimt sem ML, Bláskógaskóli á Laugarvatni og Skógrækt ríkisins vinna að. Bláskógabyggð,

Skógræktin og Yrkjusjóður hafa styrkt verkefnið. Bæði grunnskólanemendur og nemendur ML vinna að uppgræðslunni sem vonandi mun verða til þess að Langimelur verði að Langaskógi.

Dimissio hafði sinn stað 8. maí og mátti þá sjá bleika, glaða pardusa á vappi um þorpið í vorblíðunni.

**Þá lítið eitt um starfsmenn skólans en við upphaf haustannar voru þeir 35, þar af 17 við kennslu og stjórnun.**

Í október fór áfangastjóri, sú sem hér stendur, til Tallinn í Eistlandi á ráðstefnu evrópskra skólastjórnenda. Þrír starfsmenn fóru á BETT sýninguna í London í janúar. Það sem kannski bar hæst var náms- og kynnisferðin til Austurríkis í apríl. 22 starfsmenn og makar áttu virkilega ánægjulega dvöl í hinni fallegu borg Salzburg. Heimsóttir voru þrír framhaldsskólar og farið var í ýmsar skoðunarferðir. Fyrir utan andlega upplyftingu og fróðleik sem fékkst í þessari ferð er nú í farvatninu samstarf við Seekirchen Gymnasium í nágrenni Salzburg.

Ég þakka starfsfólki skólans gott samstarf á liðnum vetri.

**Ágætu verðandi nýstúdentar!**

Það hefur ýmislegt dregið á daga ykkar hér í ML. Þið eruð reynslunni ríkari. Hingað, að þessum tímamótum, eru þið komin í dag. Og því ber að fagna! En hvert skal svo stefna?

Það er eflaust hægt að gefa ykkur fjölmörg ráð á svona stundu – en kannski er mikilvægast af öllu að hamingjan muni sigra!

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna!

Áslaug Harðardóttir

Áfangastjóri